

Stjórnarfundur

3. mars 2019

Guðrúnartúni 8 – (Hjá Landvernd)

kl. 12:00 – 13:30

Mættir: Jónatan Garðarsson, Einar Gunnarsson, Auður Magnúsdóttir, Rósbjörg Jónsdóttir, Reynir Kristinsson.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Fundargerð síðasta fundar 8. mars 2019

Samþ.

2. Frágangur á skjölum vegna breyttrar prókúru sem færist til Auðar.

Undirrituð voru skjöl til ríkisskattstjóra, Arion- og Landsbanka.

3. Beiðni Votlendissjóðsins um skoðun á sameiningu Kolviðar og Votlendissjóðsins

Málið var rætt og samþykkt að funda með fulltrúum Votlendissjóðsins í haust. Hugmyndin hefur lítillga verið rædd í stjórnnum félaganna en fengið nokkuð misjafnar undirtektir.

4. Heimasíðan

Skoða greiðslumáta, rafræna staðfestingu, einföld dæmi um losun.

5. Tilboð frá KPMG í bókhald

Frestað.

6. Tillögur Miðlunar um að ná til minni fyrirtækja

Ekki talið ráðlegt að fara í slíka markaðssetningu að sinni.

7. Skipulag og staða plöntunar árið 2019

Plöntun að hefjast á Úlfljótsvatni og búið að styrkja innviði nokkuð m.a. með tækjakaupum. Þá bætist einn skógfræðinemi í hópinn yfir sumarið.

- a. Útvegum plantna fyrir árið 2020

Er í skoðun en fáir framleiðendur eru eftir og þá með fullsetnar stöðvar.

8. Samningar við SÍ um land

- a. Samningur við SÍ um land fyrir Kolvið í Skálholti enn í vinnslu en beðið er þinglýsingar á samningi SÍ um Skálholtslandið. Þá þarf að öllum líkindum að breyta bæði aðal- og deiliskipulagi staðarins.

9. Samningar framundan:

- a. Samningur við Mosfellsbæ; skipulagsnefnd og umhverfisnefnd eru með umsókn um tilraunarreiti á Mosfellsheiði til umfjöllunar í nefndum bæjarins.

Samstarf á Norðurlandi

- a. Akureyri, fundur var með heimamönnum 2. apríl (Brynhildur Bjarnadóttir HA) var afar jákvæður. Einar mun kortleggja Végeirsstaði í sumar sem er jörð í eigu HA. Verið er að skoða möguleika á landi við Akureyri eða í Eyjafirði.
- b. Húsavík – Norðurþing kolefnisjafnað sveitarfélag. Mikill áhugi er þar fyrir Kolviðarskógi og helst rætt um að byrja utan í Húsavíkurfjalli en þar er fyrir samningur um Landgræðsluskóga. Afmarka þarf svæði og gera samning um það með samþykki Landgræðsluskóga auk landeiganda sem er sveitarfélagið Norður-Þing. Þá var rætt um að hafa stærra svæði t.d. upp á Hólasandi.
- c. Vopnafjörður. Erindi hefur borist þaðan.
Ákveðið var að funda aftur með norðanmönnum um miðjan maí.

10. Önnur mál. Fundi slitið kl. 13:30.

Næstu fundir stjórnar Kolviðar 14. júní, 6. sept., 8. nóv.

Fundargerð ritaði Einar Gunnarsson.

Undirskriftir: